

## Samþykktir fyrir félagið 3.Framboðið.

Félag stofnað sem vettvangur umræðna og ályktana um sveitarstjórnarmál í Sveitarféluginu Hornafirði.

1. grein.

Nafn félagsins er 3. Framboðið. Heimili þess og varnarþing eru í Sveitarféluginu Hornafirði.

2. grein.

Tilgangur félagsins er að vera vettvangur umræðna og ályktana um sveitarstjórnarmál í Hornafirði.

3. grein.

Meginmarkmið félagsins er að bæta mannlíf og umhverfi í Hornafirði.

4. grein.

Rétt til aðildar eiga íbúar í Austur-Skaftafellssýslu, sem samþykkja stefnu þess, og hafa náð 16 ára aldri.

5. grein.

Stjórn félagsins skal skipuð 5 fulltrúum og þemur til vara. Skal hún kjörin á aðalfundi til eins árs í senn. Formaður skal kjörinn sérstaklega. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum og velur úr sínum hópi varaformann, féhirðir, ritara og meðstjórnanda. Stjórnarfundir teljast löglegir séu þeir boðaðir með minnst sólarhrings fyrirvara og meirihluti stjórnar er viðstaddur. Varamenn skal jafnan boða á fundi.

6. grein.

Stjórnin boðar til félagsfunda og skulu þeir boðaðir með minnst þriggja daga fyrirvara. Stjórn er skylt að boða til félagsfunda ef minnst 1/3 félagsmanna senda um það skriflegt erindi til stjórnar og tilgreina umræðuefnin.

7. grein.

Aðalfund skal halda eigi síðar en 30. apríl ár hvert og skal hann boðaður með viku fyrirvara.

Fastir liðir aðalfundar skulu vera:

1. Kosning fundarstjóra og -ritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Samþykkt ársreiknings
4. Skýrslur nefnda félagsins
5. Kosning formanns
6. Kosning fjögurra meðstjórnenda
7. Kosning þriggja varamanna
8. Kosning tveggja endurskoðenda

f.B.  
S.H. 18  
J.S. 18  
R.H. 18  
P.A.M.

9. Kosning í starfsnefndir

10. Lagabreytingar

11. Önnur mál

8. grein.

Félagið skal að fengnu samþykki félagsfundar bjóða fram við sveitarstjórnarkosningar í Hornafirði. Efnt skal til prófkjörs eða kjörnefnd falið að móta tillögu um framboðslista eftir því sem félagsfundur ákveður. Í opnu prófkjöri hafa allir félagsmenn rétt til að greiða atkvæði auk íbúa á kjörskrá. Öllum íbúum Sveitarfélagsins Hornafjarðar sem eru á kjörskrá er heimilt að bjóða sig fram enda samþykki þeir stefnu félagsins eins og hún er ákveðin fyrir hverjar kosningar. Prófkjörsnefnd setur reglur um tilhögun prófkjörs hverju sinni svo sem um framboðsfrest og fjölda meðmælenda.

9. grein.

Á aðalfundi eða á almennum fundum skal kjörið í nefndir á vegum félagsins. Skulu nefndarmenn starfa á sviðum nefnda á vegum sveitafélagsins.

10. grein.

Á vegum félagsins skulu reglulega haldnir bæjarmálaufundir. Þeir skulu vera opnir öllum bæjarbúum. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum á bæjarmálaufundum.

11. grein.

Félaginu verður einungis slitið ef tillaga þess efnis berst stjórn og skal hún þá kynnt félagsmönnum fyrir næsta aðalfund þess. Til þess að slíta félaginu þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða á tveimur fundum og skal sá fyrri þeirra vera aðalfundur. Eigi skal líða skemmri tími en 6 vikur á milli fundanna og eigi lengri en 3 mánuðir.

12. grein.

Leysis félagið upp munu eignir þess ef einhverjar verða renna til Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar.

Samþykkt á stofnfundi á Hrollaugsstöðum 9.mars 2014.

Semundur Helgason kt. 240871-5999  
Földi ~ 6 ár ~ 1.70 m ~ kt: 121259 - 400 g  
þing lögmálastfr. id. 050178-5959

Ragnheiður Hafnkelðdóttir kt: 110777-4699  
þórhús K. Guðný varal kt: 241177-4409

Steinunn Guðm. 041061-3249  
Hjördis Þorvaldóttir 250163-3129

P. Melgusel. 070167-5229